

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 28/97
frá 30. apríl 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/97 frá 24. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bífenýla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 22. liðar (tilskipun ráðsins 76/403/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„22. 396 L 0059: Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bífenýla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT) (Stjtið. EB nr. L 243, 24. 9. 1996, bls. 31).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/59/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Hefur ekki enn verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 243, 24. 9. 1996, bls. 31.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner